

## Minnisblað um hagsmunamál

---

<b>Dagsetning:</b>	22. febrúar 2022
<b>Verkkaupi:</b>	Helgafellssveit og Stykkishólmsbær
<b>Efni:</b>	Drög að minnisblaði um áhersluatriði í samskiptum við Alþingi og ríkisstjórn
<b>Viðtakandi:</b>	Samstarfsnefnd
<b>Höfundur:</b>	Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir, RR ráðgjöf

---

Á 2. fundi samstarfsnefndar Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, þann 28. desember 2021, fjallaði nefndin um sameiginleg hagsmunamál gagnvart Alþingi og ríki. Ákveðið var að leggja áherslu á atvinnuþróun, samgöngumál og heilbrigðismál. Hugmyndirnar fengu stuðning á samráðsfundum með íbúum sem fóru fram í desember.

### [Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð](#)

Samstarfsnefnd styður tillögu um að stofnað verði *Þekkingar- og rannsóknarsetur við Breiðafjörð* sem hafi það að meginmarkmiði að stuðla að auknu klasasamstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila þannig að stuðla megi að jákvæðri samfélags- og byggðaþróun á svæðinu.

Tillagan á sér stoð í sáttmála ríkisstjórnarinnar, gildandi byggðaáætlun og samræmist vel markmiðum stjórnvalda í loftslagsmálum, matvælastefnu, fæðuöryggisstefnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Úr stjórnarsáttmálanum:

*„stutt verður við þekkingarmiðstöðvar, rannsóknarsetur á landsbyggðinni, náttúrustofur og fjarheilbrigðisþjónustu í smærri byggðalögum.“*

Samstarfsnefnd fer fram á sambærilegan stuðning og gert hefur verið annarsstaðar á landinu.

### [Samgöngumál](#)

Bæta þarf samgöngumál á svæðinu og því leggur samstarfsnefndin til að eftirfarandi áherslur verði lagðar fram fyrir ríki og þingi:

- Skógarstrandarvegur er forgangsverkefni
  - o Skógarstrandarvegur er á fyrsta áfanga Samgönguáætlunar.
  - o Samstarfsnefndin leggur áherslu á að fjármagn fylgi með á fyrsta áfanga.
  - o Fyrsta skrefið er að hanna leiðina frá Bíldhól að Stykkishólmsvegi.
  - o Að mati nefndarinnar ætti fyrsti áfangi framkvæmda að vera í Helgafellssveit og bæta þannig samgöngur innan sameinaðs sveitarfélags.
- Auka þarf fjármagn í uppbyggingu og bundið slitlag á héraðs- og tengivegi í Helgafellssveit.
- Breiðafjarðarferjan Baldur

- Nauðsynlegt er að endurnýja ferjuna og tryggja öruggar siglingar milli Snæfellsness og Vestfjarða.

### Heilbrigðisþjónusta

Bakdeildin í Stykkishólmi hefur reynst vel og eru alltaf langir biðlistar inn á deildina. Með tiltölulega litlu auka fjármagni er hægt að efla deildina, fjölga starfsfólki og vinna mun hraðar á biðlistum. Á þann hátt verður til mikilvægur vinnustaður í sveitarfélaginu. Úrræðið eru tækifæri til að auka aðgengi íbúa að heilbrigðisþjónustu og bæta nýtingu sérfræðinga og fagfólks.

Að mati nefndarinnar er mikilvægt að heilbrigðismál verði í forgrunni þegar kemur að áherslum gagnvart ríki og þingi, þ.m.t. fjarheilbrigðisþjónusta. Á heimasíðu embættis landlæknis segir:

*„Með fjarheilbrigðisþjónustu er átt við það þegar upplýsinga- og fjarskiptatækni er notuð til að veita þjónustu án þess að sjúklingur og heilbrigðisstarfsmaður séu á sama stað. Tækifærin sem fólgin eru í fjarheilbrigðisþjónustu eru mikil og fjölþætt en í grunninn má segja að hún færi heilbrigðiskerfið nær sjúklingnum. Þetta getur sparað heilbrigðiskerfinu og sjúklingnum kostnað og tíma, ásamt því að minnka álag á heilbrigðisstofnunum.“<sup>1</sup>*

---

<sup>1</sup> <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item39069/spurt-og-svarad-um-fjarheilbrigdisthjonustu>